


BÖRN OG BÆKUR



8

Íslandsdeild IBBY

1987

TIL LESENDI

Að þessu sinni er bryddað upp á þeirri nýjung að helga þetta hefti þeim sem hafa bæði samið og myndskreytt barnabækur. Er það mjög ánægjulegt að sjá að nokkrir af þeim listamönnum okkar sem hafa helgað sig myndlist hafa einnig viljað miðla börnum af list sinni.

Í þessu hefti eru alls 15 listamenn sem allir eiga það sameiginlegt að hafa samið og myndskreytt eina eða fleiri bækur ætlaðar börnum. Fylgir stutt æviágrip, listi yfir barnabækur viðkomandi listamanns, og sýnishorn af myndefninu. Þótt aðeins sé um að ræða svart-hvít afrit og margir listamennirnir hafa myndskreytt í lit, er það von okkar sem að þessu stöndum að sýnishornin gefi til kynna þá fjölbreytni sem ríkt hefur í myndskreytingum.

Er það von þeirra sem að samtökum þessum standa að þetta verði aðeins fyrsta skrefið á þeirri braut að kynna myndlistarmenn sem hafa skreytt barnabækur og munum við síðar leitast við að kynna þá sem hafa myndskreytt barnabækur, án þess að vera höfundar af textanum en þeir eru að sönnu miklu fleiri.

Enn er erfitt um vik að hafa yfirsýn yfir alla barnabókaútgáfu á Íslandi frá upphafi, og er því ljóst að einhverjir hafa ef til vill orðið útundan í þessari umfjöllun. Ritnefnd og stjórn IBBY tæki því með þökkum að fá ábendingar um fleiri íslenska aðila hafa samið og myndskreytt bækur fyrir börn.

Sigrún Klara Hannesdóttir
formaður



ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR

Ásgerður Búadóttir er fædd árið 1920. Hún er þekktur myndlistarmaður. Sérstaklega er hún þekkt sem myndvefari og skipar hún sér í raðir bestu myndvefara á Vesturlöndum. Ísland hefur eignast fagran og frumlegan myndvefnað í verkum Ásgerðar Búadóttur.

Ásgerður kenndi um tíma teikningu á námskeiðum Handíða- og myndlistaskólans. Árið 1959 voru verk Ásgerðar valin á sýningu Norræna listabandalagsins í Gautaborg en á þeirri sýningu var veflist í fyrsta sinn viðurkennd til jafns við aðrar frjálslistagreinar. Ásgerður Búadóttir heldur nú sýningu (mars 1987) í sal A.S.Í. við Grensásveg í Reykjavík.

Ásgerður Búadóttir hefur samið og myndskreytt eina barnabók:

Rauði hatturinn og krúmmi / Ásgerður Búadóttir. - Rv. : Helgafell, 1961.






GUÐBERGUR BERGSSON



Guðbergur Bergsson er fæddur í Grindavík 16. okt. 1932. Hann lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1955 og stundaði síðan nám í spænsku, listasögu og bókmenntum við háskólann í Barcelona.

Guðbergur er mikilvirkur rithöfundur og þýðandi. Hann hefur skrifað fjölda skáldsagna m.a. Tómas Jónsson metsölubók (1966) sem vakti mikla athygli á sínum tíma. Guðbergur hefur einnig sent frá sér nokkur smásagnasöfn og þýtt fjölmörg spænsk og suður-amerísk bókmenntaverk.

Eina barnabók hefur Guðbergur samið og skreytt léttum teikningum:

Tóta og táin á pabba / Guðbergur Bergsson. -
Rv. : Bjallan, 1982.







GUÐMUNDUR THORSTEINSSON

Guðmundur Thorsteinsson "Muggur" var fæddur árið 1891. Hann dó rúmlega þrítugur árið 1924 og var jarðsettur í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík. Muggur var skáld, söngvari og málari, listamaður af guðs náð. Ef hann hefði náð hærri aldri er mjög erfitt að spá um hvaða stefnu list hans hefði tekið, því snilligáfa hans var ótvíræð. Muggur samdi og skreytti eina barnabók:

Sagan af Dimmalimm / Guðmundur Thorsteinsson.
- Rv. : Helgafell, 1921. - 23 s. : myndir.
Bókin er 23 síður, ævintýri, prýdd 7 vatns-litamyndum eftir höfund.
Texti bókarinnar er nú gefinn út á dönsku, ensku, þýsku og frönsku auk íslensku útgáfunnar. Bókin hefur oft verið endurprentuð og er titill hennar á ensku: The story of Dimmalimm : a fairy tale with illustrations.



„Loks kom hún að stóru vatni. Þá varð
Dimmalímm alveg hissa, því að á vatninu
sá hún svan, miklu – miklu stærri og
fallegri en litlu svanina í kóngsgarð-
inum.“

Úr Dimmalímm, vatnslitir, 1921.



JÓNA AXFJÖRÐ

Jóna Axfjörð er fædd 1934 á Akureyri. Hún er búsett á Akureyri og hefur unnið þar ýmis störf ásamt húsmóðurstörfum. Jóna hefur skrifað og myndskreytt þrjár bækur og unnið töluvert fyrir sjónvarp. Í frístundum sínum hefur hún m.a. myndskreytt postulín.

Barnabækur:

Dolli dropi / Jóna Axfjörð. - Ak. :
Skjaldborg, 1980.

Dolli dropi í Kína / Jóna Axfjörð. - Ak. :
Skjaldborg 1981.

Ævintýri Dolla Dropa / Jóna Axfjörð. - Ak. :
Skjaldborg, 1980.

Hljómplata:

Dolli dropi : sögur og söngvar / sögur eftir
Jónu Axfjörð ; lög og textar eftir Heiðdísí
Norðfjörð og Jónu Axfjörð. - Ak. : Studio
Bimbó, 1984.


Sögur fyrir sjónvarp:

Vambi
Tommi og snæálfarnir
Purrimurri

Myndasögur Jónu Axfjörð eru allar unnar í
litum.

Þegar Dollí litli vaknaði einn morguninn
var mikið um að vera í Skýjaborg.

Það var farið að kólna og nú ætluðu allir stóru drop-
arnir að flytja sig norður á bóginn. Áður en Dollí
vissi af var kominn svo mikill vindur að hann
bókstaflega þeyttist frá hinum dropunum. En
eithvað var þetta nú skrítið, fannst honum.





MARÍA HUGRÚN ÓLAFSDÓTTIR

María Hugrún Ólafsdóttir fæddist á Tálknafirði árið 1921. Hún stundaði nám við Handíðaskólann í Reykjavík við stofnun hans árið 1941. Nam við Listaháskólann í Kaupmannahöfn í sex ár. Hún hélt sjálfstæðar sýningar og tók einnig þátt í listasýningum með listamannafélaginu "Se" á Charlottenborg. María hlaut ýmsa heiðursstyrki og verk hennar eru víða í opinberum stofnunum í Danmörku. María er látin fyrir nokkrum árum. María samdi eina barnabók sem hún myndskreytti sjálf:

Villi fer til Kaupmannahafnar / María H. Ólafsdóttir. - Rv. : Æskan, 1971.

Bókin lýsir ferð lítils drengs frá Íslandi til Kaupmannahafnar og því sem þar ber fyrir augu. Bókin er ríkulega myndskreytt með grafíkmyndum sem undirstrika efni hennar.







ODDUR BJÖRNSSON


Oddur Björnsson er fæddur 25. okt. 1932 í Ásum í Skaftártungu. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1953. Árin 1954-56 dvaldi hann í Vínarborg og lagði stund á leikhúsfræði við háskólann þar. Árin 1958-61 var hann bókavörður við Borgarbókasafnið í Reykjavík, 1961-65 kennari í Reykjavík, 1975-76 kennari á Þórshöfn og leikhússtjóri hjá Leikfélagi Akureyrar 1978-80.

Oddur hefur samið leikrit og einpáttunga og hafa verk hans bæði verið flutt á sviði, í sjónvarpi og hljóðvarpi. Meðal þeirra eru:

Jóðlíf	Þjóðleikhúsið	1965
Hornakórallinn	"	1967
Dansleikur	"	1974
Krukkuborg	"	1979
Snjókarlinn okkar, barnaleikrit	LR	1967

Eina barnabók hefur Oddur samið og myndskreytt:

Í Krukkuborg : ævintýri / Oddur Björnsson. -
Rv. : Áskan, 1969.







RAGNAR LÁR

Ragnar Lár er fæddur 13.12.1935 að Brúarlandi í Mosfellssveit. Hann er búsettur í Reykjavík. Ragnar er myndlistarmaður að mennt með tvo vetur í Myndlista- og handíðaskólanum að baki. Sína fyrstu einkasýningu hélt Ragnar í Ásmundarsal árið 1956 en síðan hefur fjöldinn allur af sýningum fylgt í kjölfarið, hér heima svo og erlendis. Hann hefur starfað eingöngu við myndlist síðastliðin fimm ár. Ragnar Lár hefur feðrað marga teiknimyndapersónuna um dagana. Sem dæmi má nefna Bogga blaðamann sem birtist landsmönnum daglega í Vísi og síðar í Dagblaðinu á sínum tíma. Margir muna eflaust eftir Valla víkingi, en téður Valli var fyrsta hreyfi-teiknimyndin sem sýnd var í íslenska sjónvarpinu.

Ragnar Lár hefur samið og myndskreytt:
Moli litli : saga um lítinn fluguþrák /
Ragnar Lár. - Rv. : Leiftur, 1968-75.
Myndskreyting: penni og túss.





RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR

Ragnheiður Gestsdóttir er fædd 1.5. 1953 í Reykjavík en býr nú í Hafnarfirði. Hún hefur kennarapróf frá K.Í. og hefur lesið bókmenntafræði við H.Í. og listasögu við Árósháskóla. Ragnheiður kennir við Æfingadeild Kennaraháskólans ásamt heimilisstörfum en hún er þriggja barna móðir. Auk þess vinnur hún við myndskreytingar bæði á eigin bókum og annarra. M.a. myndskreytti hún endurútgáfu á fimm fyrstu Dórubókum Ragnheiðar Jónsdóttur sem komu út hjá Iðunni 1979-1983 og bókina Fljúga hvítu fiðrildin sem kom út hjá Máli og menningu 1986. Veturinn 1972-73 sá hún um Stundina okkar í Sjónvarpinu ásamt manni sínum Birni Þór Sigurbjörnssyni. Þar myndskreytti hún mikið af því efni sem flutt var, sögur, ljóð o.fl.

Bækur:

Ekki á morgun, ekki hinn : jólaföndur og leikir / Ragnheiður Gestsdóttir. - Rv. : Mál og menning, 1986.

Ljósinn lifna / Ragnheiður Gestsdóttir. - Rv. : Námsgagnastofnun, 1985. (Verðlaunabók Námsgagnastofnunnar).



SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR

Sigrún Guðjónsdóttir er fædd 15.11. 1926 í Reykjavík. Hún er nú búsett í Hafnarfirði. Sigrún lauk myndlistarkennaraprófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og stundaði framhaldsnám við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn. Þegar heim kom setti hún á stofn leirverkstæði ásamt manni sínum Gesti Þorgrímssyni, þar sem þau unnu þekkta listmuni, Laugarnesleir. Þau hjón hafa unnið mikið saman að leirlist og hannað m.a. stórar skreytingar bæði utan húss og innan og haldið sýningar. Sigrún hefur kennt myndlist á flestum skólastigum, nú við keramikdeild Myndlistar- og handíðaskólans. Einnig hefur hún fengist við ýmis konar listsköpun, hönnun og myndskreytingar m.a. fyrir Bing & Gröndal og Villeroy og Boch, tekið þátt í fjölmörgum sýningum bæði hér og erlendis og haldið einkasýningar.

Sigrún hefur myndskreytt fjölda bóka. Sú fyrsta var bók Gests Þorgrímssonar, Maður lifandi, útg. 1960 og síðar margar bækur móður sinnar Ragnheiðar Jónsdóttur, m.a. Kötlubækurnar og Atla og Unu. Ein bók hefur komið út eftir Sigrúnu, þ.e. myndabókin:

Rauði fiskurinn / Sigrún Guðjónsdóttir. -
Rv. : Barnabókaútg. Fagur fiskur í sjó, 1972.





STEINUNN Þ. GUÐMUNDSDÓTTIR

Steinunn Þ. Guðmundsdóttir fæddist 9.12. 1900 á Tálknafirði og lést í Reykjavík 28.12. 1985. Steinunn var gagnfræðingur að mennt. Hún var lengst af húsmóðir í Reykjavík og stundaði ritstörf í hjáverkum. Eftir hana hafa komið út tvær skáldsögur, smásagnasafn og ljóðabók. Auk þess hafa birst eftir hana smásögur í tímaritum m.a. Bláa skelin, verðlaunasaga hjá Eimreiðinni. Ein barnabók kom út eftir Steinunni, sem hún lét eftir sig í handriti. Bókin er myndskreytt svart/hvítum teikningum. Bókin var gefin út af aðstandendum hennar.

Rauðu stígvélin hans Gjafars litla : jóla-
ævintýri / Steinunn Þ. Guðmundsdóttir. -
Rv. 1986.







ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON

Þorvaldur Þorsteinsson er fæddur á Akureyri 7.11.1960. Hann lauk stúdentsprófi frá M.A. árið 1960 og kenndi eftir það um eins vetrar skeið í Barnaskóla Akureyrar. Fimm vetur stundaði hann nám á kvöldnámskeiðum í Myndlistarskóla Akureyrar. Árið 1983 hóf hann nám í Myndlista - og handíðaskólanum og hyggst ljúka þar prófi frá nýlistadeild vorið 1987. Þorvaldur hefur haldið þrjár einkasýningar á Akureyri, 1982, 1985 og 1986. Einnig hefur hann tekið þátt í samsýningum á Akureyri og í Reykjavík.

Hann hefur samið og myndskreytt eina bók:

Skilaboðaskjóðan / Þorvaldur Þorsteinsson.
- Rv. : MM, 1986.

Undirbúningsvinna við þessa bók var allflókin að sögn Þorvaldar. Hann þurfti t.d. að þjálfra sig í að teikna dýramyndir og síðan tók skissuvinna í sambandi við persónusköpunina sinn tíma. Þegar skissurnar voru tilbúnar vann hann myndirnar með blýanti inn á vatnslitapappír og vatnslitaði þær svo. Textinn er felldur inn í myndirnar.





HERDÍS EGILSDÓTTIR

Herdís Egilsdóttir er fædd á Húsavík árið 1934. Hún varð stúdent frá M.A. árið 1952 og lauk kennaraprófi frá K.Í. árið 1953. Hún hóf þá störf við Skóla Ísaks Jónssonar og hefur starfað þar við kennslu upp frá því. Herdís hefur samið mikið og fjölbreytt barnaefni. Bækur sínar hefur hún allar myndskreytt. Þær eru:

10 bækur um Siggú og skessuna / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Ísafold, 1964-67.

Lestrarhesturinn / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Ísafold, 1968. - Rv. : Fylgirit með Vikunni, 1968.

Stafa- og vísnaðver / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Ísafold, 1973.

Draugurinn Drillli / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Ísafold, 1975.

Spékoppar : fjórar litlar bækur / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Ísafold, 1978.

Við bíðum eftir jólum / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Ísafold, 1979.

Gegnum holt og hæðir, bók og hljómplata / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Örn og Örlygur, 1981.

Eyrun á veggjunum / Herdís Egilsdóttir. - Rv. : Æskan, 1986.





Eftirtalin barnaleikrit hefur Herdís samið:
Gegnum holt og hæðir, verðlaunaleikrit í
samkeppni Sumargjafar árið 1974.
Pappírs-Pési, sýnt hjá Leikfélagi Hafnar-
fjarðar, 1976.
Vatnsberarnir, sýnt hjá Alþýðuleikhúsinu 1978
og Sonja Heine safninu í Osló 1986.
Rympa á ruslahaugnum, sýnt í Þjóðleikhúsinu
1987.

Efni flutt í RÚV, sjónvarpi:
Sigga og skessan, fjórir þættir, 1971-72.
Mússa og Hrossi, ellefu þættir, 1973.
Kommóðukarlinn, sex þættir, 1976.
Sigga kennir skessunni stafina, átján kennslu-
þættir, 1982.



NÍNA TRYGGVADÓTTIR

Nína Tryggvadóttir fæddist 16. marz 1913 á Seyðisfirði. Hún stundaði nám við Kvenna-skólann í Reykjavík árin 1927-1930. Á árunum 1933-1946 nam hún myndlist m.a. í Myndlistar-skóla Finns Jónssonar og Jóhanns Briem, við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn og í París og New York. Nína lést í New York 18.6. 1968.

Bækur sem Nína samdi og myndskreytti:
Sagan af svörtu gimbur / Nína Tryggvadóttir.
- Rv. : Gimbrarútgáfan, 1946.

Kötturinn sem hvarf / Nína Tryggvadóttir.
- Rv. : Heimskringla, 1947.

Fljúgandi fiskisaga / Nína Tryggvadóttir.
- Rv. : DAS, 1948.

Stafirnir og klukkan / Nína Tryggvadóttir.
- Rv. : Bækur og ritföng, 1949.

Skjóni / Nína Tryggvadóttir. - Rv. :
Helgafell, 1967.


Myndirnar í bókum Nínu eru með ólíku móti. Í bókinni Sagan af svörtu gimbur eru þær mjög skýrar og allir fletir vel afmarkaðir. Í bókunum Kötturinn sem hvarf, Fljúgandi fiskisaga og Stafirnir og klukkan eru þær líkastar klippimyndum, grófar og skýrar. Í síðustu bókinni, Skjóna, eru útlínur og fletir óljósari en hreyfingum og svip dýranna náð með örfáum breiðum strikum.

Nína myndskreytti einnig ljóð Steins Steinars, Tindátana (1943) og ævintýrið Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn (1946).

Einn vetrardag var hún
að bjástra og bisa.
En hvar var nú einn kötturinn?
„Hvar er hún litla kisa
með ljósið í rófunni,
ljósið í stýrinu,
hún litla, svarta kisa?“



Söfn sem geyma verk Nínu Tryggvadóttur:
Listasafn Íslands, Reykjavík
Listasafn Alþýðusambands Íslands, Reykjavík
Listasafn Háskóla Íslands
Listaverkæign Reykjavíkurborgar
Museum of Modern Art, New York
Musée d'Art et d'Industrie, Saint-Etienne,
Frakklandi
Suermondt Museum, Aachen, Þýskalandi
Art Museum, Elath, Ísrael
Musée National d'Art Moderne, Centre Georges
Pompidou, París, Frakklandi





SIGRÚN ELDJÁRN

Sigrún Eldjárn fæddist 3.5 1954 í Reykjavík. Hún varð stúdent frá M.R. árið 1974 og hóf þá nám í Myndlista- og handíðaskólanum. Þaðan útskrifaðist hún úr grafíkdeild árið 1977. Árið 1978 dvaldi hún um skeið við nám í Pólandi.

Sigrún hefur haldið einkasýningar á eftirtöldum stöðum:

Gallerí Langbrók og á Ísafirði 1980

Rauða húsinu, Akureyri 1981

Jónshúsi, Kaupmannahöfn 1984

Listmunahúsinu 1985

Einnig hefur hún tekið þátt í fjölda sam-sýninga. Sigrún hefur myndskreytt fjölda barnabóka, m.a. bækur eftir Guðrúnu Helgadóttur og Magneu frá Kleifum.

Eftirtalдар bækur hefur hún samið sjálf og myndskreytt:

Allt í plati / Sigrún Eldjárn. - Rv.
: Iðunn, 1981.


Eins og í sögu / Sigrún Eldjárn. - Rv.
: Iðunn, 1981.

Langafi drullumallar / Sigrún Eldjárn. -
Rv. : Iðunn, 1983.


Langafi prakkari / Sigrún Eldjárn. -
Rv. : Iðunn, 1984.

Bétveir / Sigrún Eldjárn. - Rv.
: Forlagið, 1986.

„LANGAFI – PRAKKARINN PINN !“ hrópar Anna. „Þessi gildra er ekki fyrir langAFA. Hún er fyrir langÖMMUR!“




„Ég skil nú hvorki upp né niður í þessu,“ segir gamla konan.



„Við útskýrum málið,“ segir langafi rólega.
„Hjálpaðu mér bara að rísa á fætur.“



Bækurnar Allt í plati og Eins og í sögu eru blýantsteikningar, en í hvora bók er einum lit bætt við, rauðum í aðra, bláum í hina. Bækurnar minna nokkuð á teiknimyndasögur, sumar síður eru eingöngu með myndum en textinn felldur inn í "bólur" sem vísa á þann sem talar hverju sinni. Bækurnar um langafa eru með pennateikningum og er textinn felldur inn í, nokkrar setningar á hverja blaðsíðu. Sami háttur er á bókinni Bétveir en hún er með litmyndum sem eru sambland af blýants-teikningum og vatnslitatækni.



VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR

Vilborg Dagbjartsdóttir er fædd 18.7. 1930 á Vestdalseyri við Seyðisfjörð og er nú búsett í Reykjavík. Hún hefur kennaramenntun og hefur kennt lengi við Austurbæjarskólann ásamt því að stunda ýmis konar ritstörf. Vilborg hefur samið nokkrar bækur fyrir börn og unglinga og myndskreytt eina þeirra, Labba pabbakút, með klippimyndum. Auk frumsaminna bóka hefur hún tekið saman safnritið Sögusteinn þar sem efnið er ýmist þýtt, endursagt eða frumsamið af henni.


Vilborg hefur auk þess átt barnaefni í fjölmörgum blöðum og tímaritum þar sem myndskreytingar hennar hafa oft á tíðum prýtt það. Hún var umsjónarmaður barnasíðu Þjóðviljans í tólf ár. Árið 1960 sá hún um ársrit Barnaverndarfélagsins, Sólhvörf og hefur auk þess skrifað mikið bæði í Sólhvörf, Sólskin og Melkorku. Vilborg hefur einnig verið mikilvirkur þýðandi og má m.a. nefna bækur Astrid Lindgren um Emil í Kattholti og ýmsar bækur Mariu Gripe.

Barnabækur Vilborgar eru:

Alli Nalli og tunglið / Vilborg Dagbjartsdóttir ; Sigríður Björnsdóttir gerði myndir.
- Rv. : Litbrá, 1959.

Alli Nalli og tunglið / Vilborg Dagbjartsdóttir ; myndir Gylfi Gíslason. - [2. útg.]
- Rv. : MM, 1976.

Bogga á Hjalla / Vilborg Dagbjartsdóttir ; myndir Anna Cynthia Leplár. - Rv. : MM, 1984.




Langsum og þversum : krossgátur og
orðaleikir / Vilborg Dabjartsdóttir ; teikn.
Sigurbjörn Helgason. - Rv. : Bjallan, 1979.

Sagan af Labba pabbakút / texti og myndir
Vilborg Dagbjartsdóttir. - Rv. : Ísafold,
1971.

Sögur af Alla Nalla / Vilborg Dagbjarts-
dóttir ; myndir Friðrika Geirsdóttir. - Rv.
: Heimskringla, 1965.

Sögusteinn : blandað efni fyrir börn / tekið
saman, þýtt, endursagt og frumsamið af
Vilborgu Dagbjartsdóttur ; myndir Anna
Cynthia Leplar. - Rv. : Bjallan, 1983.

Tvær sögur um tunglið / Vilborg Dagbjarts-
dóttir ; myndir Gylfi Gíslason. - Rv. :
Íðunn, 1981.



EFNISYFIRLIT:

	síða
Til lesenda.....	1
Ásgerður Búadóttir.....	2
Guðbergur Bergsson.....	4
Guðmundur Thorsteinsson.....	6
Herdís Egilsdóttir.....	24
Jóna Axfjörð.....	8
María H. Ólafsdóttir.....	10
Nína Tryggvadóttir.....	27
Oddur Björnsson.....	12
Ragnar Lárusson.....	14
Ragnheiður Gestsdóttir.....	16
Sigrún Eldjárn.....	30
Sigrún Guðjónsdóttir.....	18
Steinunn Þ. Guðmundsdóttir.....	20
Vilborg Dagbjartsdóttir.....	33
Þorvaldur Þorsteinsson.....	22

Stjórn Íslandsdeildar IBBY

Sigrún Klara Hannesdóttir, formaður
Jónína Friðfinnsdóttir, varaformaður
Margrét Gunnarsdóttir, ritari
Guðríður Þórhallsdóttir, gjaldkeri
Gunnlaugur Ástgeirsson, meðstjórnandi
Gunnvörn Braga, varamaður
Judith Gunnarsson, varamaður

Ritnefnd:

Hildur Hermóðsdóttir
Iðunn Steinsdóttir
Sigurlaug Kristjánsdóttir
Vignir Jónsson

FJÖLRITUNARSTOFA
DÁNÍELS HALLDÓRSSONAR